



Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. júlí 2025

SFS23060160

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 10.7.2025 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Breyting á rekstraleyfi til leikskólans Sælukots

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júlí 2025, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að breyta rekstrarleyfi Leikskólans Sælukots með þeim hætti að heimilt verði að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 99 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 20 börn á aldrinum 12-18 mánaða í stað 72 barna á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 20 börn á aldrinum 12-18 mánaða, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Steinn Jóhannesson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



Reykjavík 4. júlí 2025

SFS23060160

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Umsókn Leikskólans Sælukot um breytingu rekstrarleyfi leikskólans

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Leikskólans Sælukots, kt. 420683-0309, frá nóvember 2024 varðandi fjölgun leikskólabarna í leikskólanum Sælukoti á Þorragötu, Reykjavík. Umsóknin hefur svo þróast með þeim hætti að nú er óskað eftir 27 barna fjölgun, síðast í tölvupósti 25. júní s.l. Óskað er eftir að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að börnum fjölgi úr 72 í 99 á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu fyrir sumarleyfi. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Óskað er eftir að rekstrarleyfi Leikskólans Sælukots, að Þorragötu 1, verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 99 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða í stað 72 barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi dags. 15. maí 2019.

Fyrir ligga öll tilskilin gögn vegna breytingarinnar.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 4. júlí 2025.
Drög að nýju rekstrarleyfi leikskólans Sælukots
Núgildandi rekstrarleyfi Sælukots





MINNISBLAÐ

Reykjavík, 4. júlí 2025

Málsnúmer: SFS23060160

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Breyting á rekstrarleyfi Leikskólans Sælukots.

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn leikskólans Sælukots kt. 420683-0309, upphaflega frá 11. nóvember 2024, þar sem óskað var eftir, að samhliða stækkun leikskólans, fengist leyfi fyrir 32 barna fjölgun. Umsóknin hefur þróast í beiðni um 27 barna fjölgun, sem síðast var staðfest í tölvupósti frá leikskólastjóra 25. júní sl. Óskað var eftir að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að börnum fjölgi úr 72 í 99 á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða.

Um er að ræða nýbyggingu sem leiðir til stækkunar leikskólans. Í nýbyggingunni sem er 220 fm eru tvö deildarrými sem talin eru bera 27 börn í heildina.

Húsnæði leikskólans hefur verið skoðað af fulltrúum fagskrifstofu leikskóla og telst standast kröfur um lágmarks aðstöðu og rými vegna þeirrar fjölgunar sem óskað er eftir.

Fyrir liggja eftirtalin gögn:

1. Umsögn foreldraráðs
2. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi að Þorragötu 1, 101 Reykjavík
3. Vottorð um lokaúttekt slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
4. Umsögn Fjármála- og áhættusviðs
8. Drög að nýju rekstrarleyfi

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að Leikskólanum Sælukoti verði heimilt að reka leikskóla að Þorragötu 1, fyrir allt að 99 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða í stað 72 barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi dags. 15. maí 2019.

Virðingarfyllt,

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík

Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Sælukot

Með vísan til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Leikskólanum Sælukoti kt. 420683-0309, leyfi til að reka leikskólann Sælukot.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Þorragötu 1, 101 Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 72 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá Vinnueftirliti ríkisins og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annaðhvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.


Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2015.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfið tekur gildi 13. ágúst 2015.

Reykjavík 15. maí 2019


Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.



Drög

Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Sælukot

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Leikskólanum Sælukot, kt. 420683-0309, leyfi til að reka leikskólann Sælukot.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Þorragötu 1, í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 99 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Vottorð liggja fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólapjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasvið í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits. Við leikskólann skal starfa eitt foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. ágúst 2025 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 15. maí 2019.

Reykjavík, 7. júlí 2025

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

